

REGLUGERÐ

um dagpeninga fanga.

1. gr.

Þegar og þar sem ekki er unnt að útvega afplánunarfanga vinnu, skal hann frá greidda dagpeninga svo að hann eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu, s.s. hreinlætisvörum og skulu þeir greiddir þá daga sem hann á ekki kost á vinnu. Fangi sem á kost á vinnu eða er í vinnu fær ekki greidda dagpeninga.

2. gr.

Fjárhæð dagpeninga skal vera kr. 300 -þrjúhundruð- á dag, alla daga vikunnar.

3. gr.

Fangi sem er í gæsluvarðhaldi skal ekki fá greidda dagpeninga.

4. gr.

Fangi sem afplánar vararefsingu í stað fésektar skal ekki fá greidda dagpeninga.

5. gr.

Handtekinn maður sem vistaður er í fangelsi eða í fangaklefum lögreglu skal ekki fá greidda dagpeninga.

6. gr.

Fangi sem vistaður er um stundarsakir utan fangelsis, svo sem í sjúkrahúsi eða annarri stofnun þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár, skal ekki fá greidda dagpeninga, nema að fengnu fyrirfram samþykki Fangelsismálastofnunar ríkisins.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, öðlast gildi frá og með 1. mars 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. mars 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphaníasson.